



Afstöðumynd 1:500

**Reykjavíkurvegur 66**  
Landnúmer L122158

Reykjavíkurvegur 66, matshluti 01. Rýmið er á 1. hæð í norðurenda hússins. Um er að ræða innanhúsbreytingar á rými 0101 ásamt því að utanhúss er komið fyrir flóttastiga frá 1. hæð að bílplani aftan við hús, austur hlíð. Þar sem áður var gluggi verður nú komið fyrir hurð að flóttastiga. Á norðurhlíð hússins er nýtt loftræsirör sem gengur upp fyrir þak. Ekki er um að ræða aðrar utanhúsbreytingar á mannvirkinu.

Sótt er um að opna veitingastað í flokki II tegund c. Hámarksfjöldi gesta er 30 manns. Veitingastaðurinn er hollustu og skynbítastaður. Allt kjöt kemur foreldað, ekkert hrátt kjöt mun vera meðhöndlað á staðnum einungis mun vera upphitun og samsetning hráefna. Vönmóttakan er um aðalinnangang utan opnunarfríma. Borðbúnaður er einnota.

Innréttingar í eldhúsi eru úr ryðríu stáli. Ræsting fyrir eldhús og sal eru staðsettar í eldhúsi. Fitugildrum er komið fyrir við frárennisli, tengt láttum undir innréttingu. Í afgreiðslunni eru wok pönnur með öryggisgleri fyrir framan sem snýr að gestum. Tvö salerni eru fyrir gesti staðarins, þar af annað fyrir hreyfihamlaða. Fjöldi starfsmanna er 3-4. Starfsmannaáðstaða er í bakrými ásamt ræstingu fyrir þau rými og salerni. Lager, kælar, og geymsluáðstaða er í skápum/hillum/geymslum í eldhúsi og á afgreiðslusvæði.

Nýjrir innveggir eru byggðir úr blikkstoðum, klæddum með 2x13 mm gísploötum.

Sorp er staðsett aftan við hús á plani.

Loftræsikerfi  
Loftræsikerfi er hannað í samræmi við byggingarreglugerð og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og slökkviliðs.

Útsog frá eldun er tekið út í gegnum vegg og leitt upp fyrir þakbrún á norðurgaffli. Stokkur frá háfi er einangraður og úr heilsöðnu stáli út úr vegg en stokkur upp steiptan vegg úr hefðbundnu blikki.

Útsog er einnig úr salernum og ræstiskápum með sér kerfi sem blæs út á vesturvegg hússins.

Gaskerfi er hannað í samræmi við gildandi reglugerðir. Skápur fyrir gaskúta er staðsettur við NA horn hússins og í honum er seguloki sem lokar fyrir gasflæði inn í hús við boð frá gaskynjara eða ef ýtt er á neyðarrofa á vegg við eldunartæki.

Lagnir eru hefðbundnar lóðaðar eir pípur eða klemmdar ryðfrjár lagnir gerðar fyrir P-gas.

**Brunavarnir**  
Um er að ræða matshluta 0101 verslunarhúsnæðisins við Reykjavíkurveg 66 sem ætlað er að innrétta og breyta í veitingastað ásamt tilheyrandi rýmum, eldhúsi, starfsmannaástöðu og snyrtingum o.s.frv.. Utanhúss á norðurgaffli verður F-gas geymt í vel loftræstum skáp.

Brunavarnir í húsinu verða í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum. Húsnæðið flokkast undir notkunarflokk 2 sbr. gr. 9.1.3 í byggingarreglugerð.

Brunavarnir byggingarinnar eru ákvarðaðar á grundvelli ákvæða byggingarreglugerðar án sérstakra fráviks.

**Brunaþol burðarvirkis**  
Burðarvirki hússins samanstendur af jámbentum steinsteiptum veggjum og súlum. Reikna má með að burðarvirki uppfylli a.m.k. R60.

**Brunahólf**  
Mhl. 0101 er skilgreindur sem eitt brunahólf, aðskilið frá öðrum hlutum hússins með a.m.k. EI60 brunaskilum. Gasgeymsla er svo utandyra aðskilin frá húsinu með steiptum vegg sem uppfyllir a.m.k. REI90 brunamótstöðu.

Hólfun hússins er jafnframt sýnd á aðaluppdráttum.

**Flóttaleiðir**  
Í rýminu er reiknað með 30 gestum í sal auk 3-4 starfsmanna. Áællaður hámarksfjöldi samtímis í húsinu er því 34 manns.

Samkvæmt töflu 9.04 má lengsta göngulengd vera 30 m. Tvær flóttaleiðir verða frá rýminu, út um aðalinnangang og í gegnum eldhús og þaðan út á pall og niður tröppur. Pallur rúmar hjólastól auk þess sem fólk getur gengið framhjá og niður tröppum.

Opnunarfrímaður á flóttaleiðum skal vera í samræmi við ÍST EN 179.

Öll mál aihugist á staðnum - ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax

Aðalinnangangur/útgangur er um sjálfvirka rafdrifna rennihurð sem opnast við straumrof og við boð frá reykskynjara. Hnappur til opunar skal vera við hlíðina á hurðarhúni og vera vel sýnilegur og merktur. Hnappinn skal staðsetja u.þ.b. 1,0 m yfir gólfi og skal hann vera upplýstur af neyðarlýsingarlampa, minnst 5 lux, og merktur með skilti sem er minnst 0,10 m x 0,15 með mynd af lykili og með textanum: „Neyðaropnun“. Aðrar hurðir í flóttaleiðum skal vera hægt að opna án þess að nota þurfi lykili eða önnur verkfæri.

**Klæðningar**  
Almennt verða allar klæðningar loft- og veggflata innanhúss í flokki 1, K210 B-S1,d0. Hengiloft ásamt tilheyrandi upphengjum verða úr A-efnum. Gólfefni uppfylla flokk Dfl-s1.

**Brunaviðvörðunarkerfi**  
Samkvæmt byggingarreglugerð 112/2012, töflu 9.02, er eingöngu gerð krafa um staka reykskynjara í rýmið skv. gr. 9.4.3 þar sem fjölskið er færri en 50 manns.

**Gaskerfi**  
Við eldun verður notað F-gas. Fyrir utan húsið verður gaslager fyrir allt að 4 stk. 33 kg gaskúta þar sem tveir kútar eru í notkun og tveir í geymslu ásamt tilheyrandi lögnum og tengibúnaði að eldunartækjum í eldhúsi. Þar sem heildarmagnnið er innan við 200 kg gilda reglur Mannvirkjastofnunar um uppsetningu og frágang F-gas búnaður í atvinnuhúsnæði dagsett í október 1993. Gasgeymslan verður frístandandi utandyra með tilheyrandi loftun og viðeigandi áreksstravörnum. Settir verða gaskynjarar við notkunarstaði í samræmi við reglur og leiðbeiningar eftirlitsaðila.

**Neyðarlýsing og ÚT- ljós**  
Neyðarlýsing, sjálflysandi merkingar og ÚT-ljós eða leiðamerkingar verða sett í húsið í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN 1838:1999, ÍST EN 50172:2004, og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. ÚT-ljós verða sett upp við allar dyr í flóttaleiðum og annarsstaðar þar sem nauðsynlegt svo rata megi eftir þeim út eða til öruggs staðar.

**Slökkviltæki og slöngukefli**  
Handslökkviltæki verða sett upp í húsnæðinu í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. Ekki er krafa um slökkvikerfi í eldhúsháf skv. viðmiðunareglum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um háfa og lagnir þar sem færri en 50 manns eru í rýminu. Viðeigandi slökkviltæki skulu þó uppsett sem sérstaklega eru hugsuð fyrir feilselda, þ.e. eldflokk F samkvæmt ÍST EN 2.

**Reyklosun**  
Reyklosun verður um glugga og dyr á húsnæðinu.

**Loftræsikerfi**  
Brunavarnir vélrænnar loftræsingar í húsinu verður í samræmi við ákvæði í gr. 9.6.14 í byggingarreglugerð 112/2012 og DS 428. Loftrásir frá steikingarstöðum skulu vera með heilsöðnum samsetningum og ganga órofnar út. Utandyra má nota spirör þar sem rörið er á gluggalausum steiptum útvegg. Loftræsikerfi skulu hönnuð og uppsett þannig að þau stuðli ekki að útbreiðslu reyks eða elds um húsið. Við boð frá brunaviðvörðunarkerfi stöðvast loftræsikerfið og brunalokur í stökum sem ganga á milli meginbrunahóla lokast. Útsog frá háfum skal ekki að stöðvast við brunaboð.

**Brunaþéttlingar**  
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahóla verða þétt með sérstökum brunaðéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða seljanda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun.

**Viðhald og eftirlit**  
Um eftirlit með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 723/2017 um eldavarnir og eldvarnareftirlit.

Samþykkt þann  
5. FEB. 2020  
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði  
Móður Bjarnadóttir

breyting dags unnið

Það svæði sem breytingin á við

**AÐALUPPDRAÐTÚR**

verk	Reykjavíkurvegur 66
verkaupi	Wok On
heiti	Afstöðumynd, byggingarlýsing
mkv.	A2- 1:100
dags	15.01.2020
hannað	ep
teiknað	ep

G.Oddur Viðisson arkitekt FAÍ  
220564-4369

dap  
development architecture property  
Tjarnargata 4 101 Reykjavík  
s 6604200 arkitekt@dap.is www.dap.is

verknr.	teikning	breyting
19-18	(99)1.01	

HEILBRIGDISEFTIRLIT  
HAFNARFJARÐAR-  
OG KÓPAVOGSSVÆDIS  
Garðatorgi 5 - 101 Garðabý  
30/1/2020

MANNVIT hf.  
Kl. 430572-0169  
Byggingarvörðun  
Gunnar Þ. Þorsteinsson

